

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 219/2012

2013/EES/18/15

frá 7. desember 2012

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og
IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 626/2011 frá 4. maí 2011 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB að því er varðar orkumerkingar loftræstisamstæða ⁽¹⁾.
- 2) Samkvæmt ákvæðum reglugerðar (ESB) nr. 626/2011 fellur úr gildi, frá og með 1. janúar 2013, tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/31/EB ⁽²⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella hana úr EES-samningnum frá og með 1. janúar 2013 hið fyrsta.
- 3) Tilskipun ráðsins 79/531/EBE ⁽³⁾ og tilskipun ráðsins 86/594/EBE ⁽⁴⁾, sem hafa verið felldar inn í EES-samninginn, hafa verið felldar úr gildi í ESB og ber því að fella þær úr EES-samningnum.
- 4) II. og IV. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði II. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Texti 2. liðar (tilskipun ráðsins 79/531/EBE) og 3. liðar (tilskipun ráðsins 86/594/EBE) í IV. kafla falli brott.
2. Texti liðar 4h (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/31/EB) í IV. kafla falli brott frá og með 1. janúar 2013 hið fyrsta.
3. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 4l (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1062/2010) í IV. kafla:
„4m. **32011 R 0626**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 626/2011 frá 4. maí 2011 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB að því er varðar orkumerkingar loftræstisamstæða (Stjtið. ESB L 178, 6.7.2011, bls. 1).“
4. Texti 7. liðar (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/31/EB) í 1. viðbæti og 7. liðar (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/31/EB) í 2. viðbæti falli brott frá og með 1. janúar 2013 hið fyrsta.

2. gr.

Ákvæði IV. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Texti liðar 11h (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/31/EB) falli brott frá og með 1. janúar 2013 hið fyrsta.
2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 11l (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1062/2010):
„11m. **32011 R 0626**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 626/2011 frá 4. maí 2011 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB að því er varðar orkumerkingar loftræstisamstæða (Stjtið. ESB L 178, 6.7.2011, bls. 1). ⁽¹⁾

⁽¹⁾ Skráð hér eingöngu í upplýsingaskyni. Um beitingu sjá II. viðauka um tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 178, 6.7.2011, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 86, 3.4.2002, bls. 26.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 145, 13.6.1979, bls. 7.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 344, 6.12.1986, bls. 24.

3. Texti 7. liðar (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/31/EB) í 5. viðbæti og 7. liðar (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/31/EB) í 6. viðbæti falli brott frá og með 1. janúar 2013 hið fyrsta.

3. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 626/2011, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 8. desember 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*), eða gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 217/2012 frá 7. desember 2012 ⁽⁵⁾, hvort sem ber upp síðar.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 7. desember 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Atle Leikvoll

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

(5) Stjtið. ESB L 81, 21.3.2013, bls. 17, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 18, 21.3.2013, bls. 19.